

137

12. júní

# Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 16. júní 1915 um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í stað orðanna 2 krónur í 6. gr. komi 4 krónur.

2. gr.

Í stað orðanna 3 krónur í 9. gr. komi 6 krónur.

3. gr.

Í stað orðanna 4 krónur, 7 krónur og 1 króna í 10. gr. komi 8 krónur, 12 krónur og 2 krónur.

4. gr.

Í stað orðanna 5—20 krónur í 16. grein komi 20—100 krónur.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndir Þingeyjarsýslna hafa samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1919.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins, 12. júní 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

138

12. júní

# Gjaldskrá

í Reykjavík og nærlendis handa bifreiðum til mannfatninga, skv. 10. gr. laga nr. 88 frá 11. nóv. 1917 um notkun bifreiða

I. Í Reykjavík (innan kaupstaðarlóðar).

A. Gjald eftir ferðum.

Gjaldið skal miðað við þessi 4 hverfi:

1. Miðbærinn innan þessara marka, að þeim götum meðtöldum: Ægisgata, Tungata að Landakotsspítala, Suðurgata, Skothúsvegur, Hellusund, Bergstaðastræti, Smiðjustígur, Lindargata, Klapparstígur.
2. Vesturbærinn: Fyrir vestan vesturmörk miðbæjar suður að melunum fyrir norðan Íþróttavöll,